

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Skulu þeir tilnefndir af stjórn Miklatorgs sf. Tilnefning-
ar skulu gilda í tvö ár í senn, í fyrsta skipti til 1. desember 1993.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reiknings-
ár skal vera almanaksárið.

9. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem
hagkvæmasta og öruggasta hátt þannig að hann nái tilgangi sínum sem best.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna
breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki allra
stjórnarmanna.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Háskóla Íslands, Krabbameinsfé-
lagsins og Hjartaverndar að jöfnu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 1. desember 1991.

Í stjórn sjóðsins.

Jónína S. Gísladóttir
f.h. Lilju Pálmadóttur
Ingibjörg Pálmadóttir

Jón Pálmason.
Ingibjörg Pálmadóttir.
Sigurður Pálmason

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa
samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. desember 1991.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Selárdalssókn í Bíldudalsprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi verði sam- einuð Bíldudalssókn í sama prestakalli.

„Ráðuneytið hefur mótttekið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 10. september sl., sbr.
bréf sr. Flosa Magnússonar prófasts dags. 3. september og 13. nóvember sl., þar sem farið er
fram á staðfestingu ráðuneytisins á því, að Selárdalssókn í Bíldudalsprestakalli, Barða-
strandarprófastsdæmi verði sameinuð Bíldudalssókn í sama prestakalli.

Ráðuneytið staðfestir hér með ofangreinda breytingu, enda liggur fyrir samþykki
viðkomandi aðalsafnaðarfunda og héraðsfundar, sbr. 4. gr. laga um kirkjusóknir o.fl. nr.
25/1985.

Þetta tilkynnist yður til frekari birtingar.“